

Skýrsla matsnefndar Lundarskóla

Skólaárið 2014-2015

Efnisyfirlit

Innra mat Lundarskóla - matsáætlun 2014-2015.....	3
Niðurstöður úr innra mati:.....	4
Rýmingaráætlun.....	4
Afmælishátíð.....	4
Litlu jól.....	5
Árshátíð.....	5
Útivistardagur.....	7
Fjölgreindaleikar.....	7
SMT.....	7



Innra mat Lundarskóla - matsáætlun 2014-2015

Um innra mat í skólum segir m.a. í grunnskólalögum "Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður innra mats skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

Matsáætlun 2014-2015

Matsverkefni	Hvernig á að meta	Hver sér um matið	Þátttakendur	Hvenær á að meta	Lokið
Rýmingráætlun	SVÓT greining	Umsjónarmaður verkefnis	Allt starfsfólk	Október 2014	x
Afmæli Lundarskóla	SVÓT greining	Umsjónarmaður verkefnis	Allt starfsfólk	Október 2014	x
Litlu jól	SVÓT greining	Hátíðarnefnd	Allt starfsfólk	Janúar 2014	x
Árshátíð	SVÓT greining	Hátíðarnefnd	Allt starfsfólk	Mars 2015	x
Mat á skólastarfi	Skólapúlsinn	Deildarstjóri eldri deildar	Nemendur	Allt skólaárið	x
Mat á skólastarfi	Skólapúlsinn	Deildarstjóri eldri deildar	Foreldrar	Allt skólaárið	x
Mat á skólastarfi	Skólapúlsinn	Deildarstjóri eldri	Starfsmenn	Allt skólaárið	x



		deildar			
Nefndir	Kynningar og umræður	Stjórnendur	Kennarar	Desember 2014	x
Nefndir	Kynningar og umræður	Stjórnendur	Kennarar	Apríl 2015	
Byrjendalæsi	Umræða og skýrsla	Leiðtogahópur í B-læsi	Hópur úr B-læsi	Vor 2015	
AG vinna	Umræða og skýrsla	Deildarstjór eldri deildar	Leiðtogahópur	Vor 2015	
Mat á námsáætlunum	Mat í námsáætlun	Kennarar	Kennarar	Vor 2015	x
SMT teymi, lausnateymi, eineltisteymi, skólaráð, nemendaráð.	Umræða og skýrsla	Stjórnandi teymisins	Teymismeðlimir	Vor 2015	x

Niðurstöður úr innra mati:

Rýmingaráætlun

Æfing á rýmingu Lundarskóla var 19.september og gekk ágætlega. SVÓT greining var gerð á áætluninni og niðurstöður leiddu í ljós smá vankanta sem stjórnendur skólans fóru yfir og settu inn í áætlunina þar sem þörf var á. Vankantar snéru að áætlun um það hvað gera skal eftir rýmingu þ.e. ef eldur er í húsinu og einnig skipulagi varðandi útgöngu af vellinum þar sem nemendur safnast saman. Að öðru leyti gekk rýming vel þar sem nemendur og starfsfólk fór eftir áætluninni.

Afmælishátíð

Haldin dagana 6.-10. október. SVÓT greining var gerð. Gagnrýni beindist helst að skipulagi og undirbúningi afmælisvikunnar. Verkefni þóttu óljós sem olli óöryggi í upphafi skipulagningar og málstofuspurningar ekki nógu vel ígrundaðar. Upplýsingaflæði hefði mátt bæta, t.d. varðandi breytingar á daglegu skipulagi svo hægt sé að undirbúa nemendur með sérþarfir. Viðvera nemenda á föstudeginum var of löng og álag á starfsfólk mikið, sérstaklega þá sem voru með nemendur frá 8:15-19:00. Þemavikan var skráð sem fjölgreindardagar á skóladagatali sem olli misskilningi og óánægju sumra.



Ánægjuraddir beinast helst að framkvæmd og afrakstri vinnunnar. Góð stemning myndaðist á göngum skólans. Skipulag á íþróttum var gott þó íþróttakennarar hafi verið afskiptir í undirbúningsvinnunni. Nýta hefði mátt íþróttahúsið fyrir hópavinnu. Gott samstarf var við verkgreinakennara. Beina hefði þurft gestum meira um ganga og stofur til að skoða verk nemenda, en þau þóttu ekki nógu sýnileg. Uppbrot á kennslu virkar vel fyrir suma nemendur en er erfitt fyrir aðra. Hugmyndir komu fram um að dreifa vinnunni yfir lengri tíma samhliða hefðbundinni kennslu. Einnig komu fram tillögur um fleiri þemavikur, t.d. með áherslu á listir þar sem nemendur hefðu meira val um viðfangsefni.

Litlu jól

Jákvæð atriði úr SVÓT greiningu:

- ✓ Gott að hafa litlu- og stofujól á sama degi.
- ✓ Skipulag var skýrt og gekk vel og sömuleiðis fyrirkomulag í salnum.

Neikvæð atriði sem fram komu í SVÓT greiningu:

- ✓ Það vantaði mannskap til að aðstoða við nemendur og frágang milli sýninga.
- ✓ Það vantaði mjólk til að kæla kakóið.
- ✓ Trén í salnum voru ekki eins.
- ✓ Kennarar fylpurfa að fylgja tímaplani.

Árshátíð

Eftir árshátíð var SVÓT greining lögð fyrir starfsmannahópinn. Eftirfarandi ábendingar komu fram um atriði sem betur mættu fara:

- ✓ Rennihurð úr sal þar sem sýnendur ganga um er laus og skröltir þegar gengið er um og veldur truflun á sýningum.
- ✓ Aðkoma annarra en sýnenda mætti vera meiri.
- ✓ Of fáir taka þátt í sýningaratriðum miðað við fjölda í skólanum.
- ✓ Of margt starfsfólk les ekki starfslýsingu og veit ekki hvað það á að gera.
- ✓ Of lítið heyrir í nemendum í söngatriðum.
- ✓ Hafa generalprufu/nemendasýningu daginn áður og hafa svo foreldrasýningu einn dag.
- ✓ Gera meira úr sýningum á verkum nemenda.
- ✓ Vantar mánitora á svið.



- ✓ Videovél og þrífótur fyrir salinn.
- ✓ Allt starfsfólk lesi tímanlega hvert hlutverk þeirra er og afli sér upplýsinga ef eitthvað er óljóst.
- ✓ Aðstoða nemendur við að fara úr búningum og upp í sal.
- ✓ Byrja sýningar fyrr um morguninn.
- ✓ Ath. með KA húsið 1-2 sýningar.

Styrkleikar sem tilgreindir voru í SVÓT greiningunni:

- ✓ Skipulag gott og gekk eftir.
- ✓ Gekk vel, fólk samtaka og það var gaman.
- ✓ Gott að hafa allt á einum degi.
- ✓ Flottir búningar og förðun.
- ✓ 10. bekkur stóð sig vel við frágang.
- ✓ Gott að hafa hljóðmann á síðustu 2 æfingum.
- ✓ Tímasetningar stóðust.
- ✓ Litrík atriði.
- ✓ Leiklistarval stóð sig vel bæði á sviði og baksviðs.

Annað:

- ✓ Undirbúningur og annað gekk vel.
- ✓ Ath. með hljóð í míkrafónum og hátölurum svo heyrir betur í litlum hálsnum.
- ✓ Frábær skemmtun.
- ✓ Leikendur þurfa að tala hátt og skýrt.
- ✓ Umsjónarkennarar og 10. bekkur stóðu sig vel.
- ✓ Frábært að hafa morguninn til undirbúnings.
- ✓ Breyta fyrirkomulagi og hafa þemaviku á undan sýningu.
- ✓ Spurning hvort foreldrar eiga að borga sig inn á árshátíð.
- ✓ Kennslu fram að hádegi, sýningar eftir hádegi og nemendur heim eftir sýningaratriði.
- ✓ Of langt liðið frá árshátíð til að meta hvernig gekk.
- ✓ Passa þarf að hafa leikrit unglíngastígs við hæfi yngstu nemendanna.
- ✓ Kostur að hafa ekki kennslu sama dag og árshátíð.



Útivistardagur

Útivistardagur þótti almennt hafa heppnast vel, veður, tímasetningar, skipulag og mönnun í fjallinu var góð. Almenn ánægja var með þjónustu í skíðaleigu – þó var einn nemandi sem ekki átti tilbúinn búnað skv. pöntun.

Gagnrýni beinist helst að því að viðburðurinn höfðar ekki til allra, sumir nemendur eru skráðir „veikir“ þennan dag eða koma og taka ekki þátt. Gera þarf betur í að koma til móts við þessa nemendur, t.d. með fleiri útivistarmöguleikum eða verkefnum í skólanum. Opnun í Fjarkanum hefði verið til bóta sem og lokun sjoppunnar. Bæta þarf upplýsingagjöf til nemenda t.d. um hvar má taka nesti og hvar ekki. 1. og 2. bekkur hefði viljað sér rútu hvor.

Fjölgreindaleikar

Fjölgreindaleikar voru haldnir fyrir hádegi síðasta skóladaginn. Ekki vannst tími til að leggja fullkomna SVÓT greiningu fyrir starfsmannahópin en svo virtist sem almenn ánægja hafi verið með þennan viðburð bæði hvað nemendur og starfsmenn varðar. Eitt atriði var þó rætt í tengslum við það sem betur mátti fara og það var að hópstjórnarnir (nemendur úr 10. bekk) voru ekki með tímaskipulagið eins og kennarar/starfsmenn. Þetta varð til þess að hópstjórnarnir vissu ekki hvað var að gerast á hverri stöð og vissu ekki hvenær þeir áttu að vera með hópinn sinn í mat o.s.frv.

SMT

Teymið hittist hálfsmánaðarlega og fór m.a. yfir hvernig gengi að fylgja árshjólí skólans og fylgdi því eftir. Set listar voru lagðir fyrir í lok nóvember og samkvæmt þeim er Lundarskóli að fylgja áætlun SMT. Niðurstöður leiddu í ljós að jákvæðar skólareglur eru til staðar og eru sýnilegar. Kennarar kenna reglurnar jafnt og þétt yfir skólaárið. Enn virðist örla á ruglingi vegna einkunnarorða skólans og gildum/einkunnarorðum SMT. Í skólanum er viðvarandi hvatningakerfi og viðbrögð við óæskilegri hegðun. Varðandi eftirlit og ákvarðanatöku þá styður SMT reymið við starfsfólk skólans, er virkt og góður þverskurður af starfsmannahópnum er í teyminu. Stjórnendur halda utan um skráningar í Mentor og eftirfylgd ásamt starfsmönnum hjá sveitafélgainu sem styðja við SMT með því að halda námskeið fyrir foreldra og veita ráðgjöf í skólann.

Könnun var lögð fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk skólans. Niðurstöður gáfu til kynna að jákvætt viðhorf ríki gagnvart SMT í um 90% tilfella. Starfsfólk svarar því ávallt til að þeir séu frekar sáttir eða mjög sáttir við skólareglur og agastefnan hjálpi til í skólastarfi. Kennar nýta helst grunnverkfæri



SMT og þar má nefna skýr fyrmæli, athyglimerkið og bekkjarfundi. Stuðningur lausnateymisins mikilvægur og hefur teymið komið að nokkrum málum og veitt kennurum ráðgjöf þegar við á. Allir nemendur skólans í 4.-8. bekk tóku þátt í könnuninni og eru í ríflega 80 % þeirra ánægðir með SMT. Þeir hafa fegnið reglukennslu, haldið bekkjarfundi reglulega og fengið umbun. Þeir foreldrar sem tóku þátt í könnuninni þekkja ágætlega til SMT og hafa fengið kynningu á því. Þeir sem komu með athugasemdir við SMT virðast aðhyllast annari agastefnu en SMT. Lundarskóli er SMT skóli og mun halda áfram að festa SMT í sessi í skólanum.

